



Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar  
Sigtún 42  
105 Reykjavík

**Efni: Tillaga að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga á móti skuldabréfum að fjárhæð kr. 23.937.200.000**

Þann 1. nóvember 2006 var undirritaður samningur um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Greiðslur til borgarinnar voru að mestum hluta í formi skuldabréfa með breytilegum vöxtum.

Þann 10. júlí 2007 afhenti Reykjavíkurborg Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar skuldabréf að fjárhæð 23.937,2 millj.kr. en um var að ræða 118 bréf á 200 millj.kr. og eitt bréf á 337,6 millj.kr.

Skuldabréfin eru ekki skráð í Kauphöll Íslands en þau eru til 28 ára, bundin vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu janúar 2007 og bera breytilega vexti jafnháa ávöxtunarkröfu íbúðarbréfa í flokki HFF 150434. Við útreikning vaxta er miðað við meðalávöxtunarkröfu síðustu sex almanaksmánaða fyrir viðkomandi gjalddaga. Við útreikning meðalávöxtunarkröfu er miðað við lokaverð í viðskiptum hvers dags í kauphöll. Hvert skuldabréf ber að greiða með jöfnum 56 afborgunum á 6 mánaða fresti, 10. janúar og 10 júlí ár hvert, í fyrsta afborgun var 10. júlí 2007. Afborganir eru reiknaðar þannig að vísitöluálagi er bætt við höfuðstól og síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn. Vextirnir greiðist eftir á á sömu gjalddögum og afborgarnir. Vextir reiknast frá 1. janúar 2007. Ef framangreindur flokkur íbúðarbréfa er felldur niður taka vextir mið af ávöxtunarkröfu sambærilega verðbréfa.

Með afhendingu bréfanna til sjóðsins upp í áfallnar lífeyrisskuldbindingar urðu verulegar breytingar á hreinni eign sjóðsins til bóta en áhættan hjá sjóðnum jókst hvað varðar afkomu hans. Ástæðan er sú að eiginleikar skuldabréfanna eru ekki með þeim hætti sem tíðkast í viðskiptum á almennum markaði. Skuldabréfin bera breytilega vexti og hafa því ekki þekkt greiðsluflæði og þar með ekki þekkt verð þar sem vextirnir hreyfast eftir óþekktum breytum fram í tímann. Eins og fram hefur komið taka bréfin mið af 6 mánaða meðaltali íbúðarbréfa í flokki HFF 150434 en í nóvember 2006 var vegin meðalávöxtunarkrafa þessa flokks í Kauphöll Íslands 4,16% en í dag er hún tæpt 1%. Við þessar forsendur er erfitt að meta virði bréfanna og eru þau því illseljanleg nema með verulegum afföllum.

Andvirði framangreindra skuldabréfa voru á sínum tíma ekki ráðstafað á móti ákveðnum skuldbindingum sjóðsins. Það hefur leitt til þess að heildareignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar eru verulegar og í árslok 2019 námu þær 25.520,8 millj.kr. Að mati stjórnenda sjóðsins er því löngu orðið tímabært að gera upp ákveðnar skuldbindingar á móti þessari eign svo að eignir sjóðsins við lokun hans verða sem næst engar.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins, Bjarni Guðmundsson, hefur komið með tillögu um að eftirtaldar skuldbindingar vegna Leikskóla Reykjavíkur kt. 530278-0189 og Velferðarsviðs Reykjavíkur kt. 440472-0609 verðar gerðar upp á móti skuldbréfunum. Skuldbindingar vegna Leikskóla Reykjavíkur nam í árslok 2019 13.123,3 millj.kr og skuldbindingar Velferðarsviðs Reykjavíkur 5.865,4 millj.kr. eða samtals 18.988,7 millj.kr.




Skuldbindingin sundurliðast þannig:

		Skuldbinding vegna geymdra réttinda	Skuldbinding vegna lífeyrisþega	Skuldbinding vegna virka sj.félaga	Samtals
Leikskólar Reykjavíkur	530280-0189	3.277.678.581	7.494.362.436	2.351.293.840	<b>13.123.334.857</b>
Velferðarsvið Reykjavíkur	440472-0609	1.564.940.048	4.300.408.525	0	<b>5.865.348.573</b>
		<b>4.842.618.629</b>	<b>11.794.770.961</b>	<b>2.351.293.840</b>	<b>18.988.683.430</b>

Mánaðarleg framlög vegna hlutdeildar í greiddum lífeyrir vegna Velferðarsviðs Reykjavíkur eru á bilinu 20-25 millj.kr. á mánuði eða um 250 millj.kr. á ári en framlögin fyrir Leikskóla Reykjavíkur eru á bilinu 30-35 millj.kr. á mánuði eða um 450 millj.kr á ári. Áhrif uppgjörsins á fjárhag sjóðsins er að fjárflæði frá Reykjavíkurborg til sjóðsins lækkar um 700 millj.kr. á ári og að eignir sjóðsins lækka sem því nemur.

Samkvæmt árseikningi sjóðsins var virði skuldabréfanna í árslok 2019 23.643,3 millj.kr en við útreikning á tryggingafræðilega stöðu er virði bréfanna endurmetið miðað við 3,5% núvirðingu en endurmat ársins var 3.728,9 millj.kr. Þannig að virði bréfanna við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins var 19.914,4 millj.kr. Rétt þykir að benda á þarna er mismunur um 926 millj.kr en vegna þeirrar óvissu um virði bréfanna er eðlilegt að sýna varkárni.

Reykjavík, 8. júní 2020

  
Gerður Guðjónsdóttir